

Stefna LRH 2024-2028



LRH

Lögreglustjórinn á
höfuðborgarsvæðinu

JANÚAR
2024



Ávarp lögreglustjóra

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hóf vinnu við að setja sér nýja stefnu haustið 2023 en á síðustu misserum hefur margt breyst í starfsemi embættisins sem og í samfélaginu okkar sem við þjónum. Nýjar áskoranir hafa litið dagsins ljós og því mikilvægt að staldra við og setja okkur markmið sem við munum öll vinna að, á gildistíma stefnunnar, til ársins 2028. Sumt er óbreytt frá fyrri stefnum embættisins auk þess sem hlutverka okkar og markmiða er getið í hinum ýmsu lagabálkum og stefnum stjórnvalda. Gildin okkar, **traust, fagmennska og öryggi** standa enn óhöggð sem og sú staðreynd að við ætlum áfram að vera til staðar fyrir öll – alltaf.

Öllu starfsfólki embættisins var boðið að taka þátt í vinnu við gerð stefnunnar en hún var unnin undir stjórn Sævars Kristinssonar og Valgeirs Erlendssonar, ráðgjafa hjá KPMG. Haldnir voru fjölmargir vinnufundir þar sem starfsfólk lagði sitt af mörkum til að gera stefnuna markvissa, árangursríka og í takt við þarfir samfélagsins. Á þessum fundum kom fram að starfsfólk okkar brennur fyrir verkefnum og mikill vilji er til að gera enn betur. Afurð þessarar vinnu er stefna embættisins sem við ætlum að fylgja næstu árin.

Stefnan sem nú lítur dagsins ljós er mjög metnaðarfull og byggð á fjórum megin áherslum; **Þekking og fagmennska, Í takt við samfélagið, Skilvirkni og stafrænar lausnir og Samstarf og samvinna**. Við erum öflug liðsheild og ætlum að mæta síbreytilegum áskorunum af fagmennsku í þágu samfélagsins og tryggja með því sem besta þjónustu, gæði og öryggi. Til þess þurfum við að hlusta á samfélagið, skynja þarfir þess og bregðast við. Mikilvægt er að huga að áfallamiðaðri nálgun í okkar störfum og er málshraði og gæði rannsókna einn mikilvægasti þátturinn í þeirri vinnu. Nýsköpun og tækni mun hafa gríðarlega mikil áhrif á okkar störf á næstu árum og við ætlum okkur að taka þátt í henni og nýta okkur þau tækifæri til þess að gera enn betur.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem komu að gerð stefnunnar, án ykkar hefði þessi metnaðarfulla og árangursdrifna stefna ekki litið dagsins ljós. Nú er ekki eftir neinu að bíða og hefjum við nú flugið eins og í oddaflugi álfra og fljúgum öll í sömu átt með hagsmuni samfélagsins okkar að leiðarljósi.



Lykiláskoranir og tækifæri LRH

Margt í starfsumhverfi embættisins hefur tekið breytingum og fylgir þróun sem er sambærileg því sem gerist erlendis. Það er því mikilvægt að taka mið af lykiláskorunum í starfsumhverfinu ásamt því að nýta þau tækifæri sem bjóðast til að sinna þjónustu LRH með sem bestum hætti.

Síbreytileg viðfangsefni

- Alvarlegri ofbeldisbrot
- Aukinn vopnaburður
- Vöxtur í netglæpum
- Fjölmenningsarsamfélag

Miðlun og samskipti

- Mismunandi leiðir til að nálgast ólíka samfélagshópa
- Tungumál
- Óskir um aukinn sýnileika

Tæknibreytingar

- Sjálfvirknivæðing
- Gervigreind
- Stafræn umbreyting

Samkeppni um fólk

- Menntun og reynsla
- Starfsmannavelta
- Fjöldi lögreglumanna
- Aukin þörf fyrir sérfræðipækkingu

Forvarnir og frumkvæðisvinna

- Samfélagslöggæsla
- Samstarf við skóla og félagsþjónustu
- Farsældarlög

Alþjóðavæðing

- Skipulögð brotastarfsemi
- Verkefni tengd landamæravörslu
- Fjölgun ferðamanna



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu er nú tímaleg og framsækin þjónustustofnun sem er til staðar fyrir öll - **alltaf**

Framtíðarsýn LRH





Gildi og hlutverk LRH

TRAUST

er grunnforsenda allra okkar starfa

FAGMENNSKA

er höfð að leiðarljósi í allri okkar þjónustu

ÖRYGGI

einkennir alla okkar starfsemi

Hlutverki lögreglu er m.a. lýst í lögreglulögum:

- að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi,
- að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins,
- að vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála eða öðrum lögum,
- að greiða götu borgaranna eftir því sem við á og aðstoða þá þegar hætta steðjar að,
- að veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfa sinna samkvæmt fyrirmælum laga eða venju eftir því sem þörf er á,
- að starfa í samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði lögreglu,
- að sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin í lögum eða leiðir af venju.



Stefnuáherslur:

Pekking og fagmennska

- Eftirsóknarverður vinnustaður
- Fræðsla og símenntun
- Við erum fyrirmyndir
- Öryggi starfsfólks

Í takt við samfélagið

- Árangursrík
- Til staðar
- Gagnamiðuð starfsemi
- Stuðlum að sjálfbæru samfélagi



Skilvirkni og stafrænar lausnir

- Gæðamál
- Nýsköpun og þróun
- Skilvirkni
- Tækni og búnaður

Samstarf og samvinna

- Þverfaglegt samstarf
- Málefni barna og ungmenna
- Upplýsingamiðlun
- Erlent samstarf



Pekking og fagmennska

Staðan

Mikil fjölbreytni einkennir störf embættisins og kröfur samfélagsins til löggæslu og þjónustu lögreglunnar eru miklar.

Þróun afbrota gerir auknar kröfur til starfsemi embættisins, ekki síst hvað varðar þekkingu og hæfni starfsfólks.

Stefnan

Við erum öflug liðsheild og mætum síbreytilegum áskorunum af fagmennsku.



Pekking og fagmennska

Stefnan

Við erum öflug liðsheild og mætum síbreytilegum áskorunum af fagmennsku.

markmið

Eftirsóknarverður vinnustaður

- Starfsumhverfið einkennist af góðum aðbúnaði og lifandi vinnuumhverfi
- Starfsfólk sinnir mikilvægum og metnaðarfullum verkefnum
- Starfsfólk endurspeglar fjölbreytileika samfélagsins

Pekkingarsköpun

- Starfsfólk býr yfir þekkingu og hæfni til að takast á við síbreytilegar áskoranir

Við erum fyrirmyndir

- Starfsfólk sýnir frumkvæði, forystu og ábyrgð
- Stjórnendur leiða með góðu fordæmi – með heilindum og góðum stjórnunarháttum

Öryggi starfsfólks

- Öryggi er alltaf haft í fyrirrúmi og hugað að velferð og heilsu starfsfólks
- Allur búnaður miðast við að stuðla að öryggi starfsfólks eins og hægt er á hverjum tíma
- Einelti, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og ofbeldi er ekki liðið

aðgerðir

- Skapa vinnuumhverfi og aðstöðu í takt við það besta sem á verður kosið
- Vinna að sanngjarnri dreifingu álags
- Leggja áherslu á jafnrétti og jafnræði í allri starfsemi

- Tryggja þjálfun, fræðslu og símenntun fyrir starfsfólk í takt við þarfir
- Innleiða starfsþróunaráætlun
- Efla nýliða- og stjórnendaþjálfun

- Nýta styrkleika starfsfólks og hvetja til góðra verka
- Viðhalda þekkingu stjórnenda á sviði góðra stjórnunarháttanna

- Tryggja sálrænt öryggi á vinnustað og taka á hvers kyns ótilhlýðilegri hegðun
- Vinna að stöðugum úrbótum í öryggismálum starfsfólks
- Efla öryggisvitund starfsfólks



Skilvirkni og stafrænar lausnir

Staðan

Hjá LRH er leitast við að viðhafa gæði og fagþekkingu í öllu verklagi. Unnið er að straumlínulögun ferla og teymisvinna hefur skilað góðum árangri.

Ör tækniþróun kallar á aukna tæknivæðingu og þekkingu.

Lögreglan býr yfir miklu magni upplýsinga sem styður við ákvarðanatöku stjórnenda.

Stefnan

Við störfum sem ein heild með skilvirkni að leiðarljósi.

Með öflugum tækjum, búnaði og þekkingu mætum við fjölbreyttum og krefjandi verkefnum.



Skilvirkni og stafrænar lausnir

Stefnan

Við störfum sem ein heild með skilvirkni að leiðarljósi. Með öflugum tækjum, búnaði og þekkingu mætum við fjölbreyttum og krefjandi verkefnum.

markmið

Gæðamál

- Áhersla er lögð á gæði í allri starfsemi
- Verkferlar eru þekktir, skráðir og rýndir reglulega
- Gátlistar eru aðgengilegir hvar sem er

aðgerðir

- Móta og innleiða gæðastefnu
- Gera gæðatorg aðgengilegt og notendavænt s.s. í snjalltækjum
- Tryggja samræmi í innleiðingu og eftirfylgni gæðamála

Nýsköpun og þróun

- Hugvits- og gagnadrifin nýsköpun og þróun er viðhöfð á öllum sviðum

- Hvetja starfsfólk til umbóta og nýsköpunar
- Skapa þverfaglegan vettvang sem stuðlar að umbótum, nýsköpun og þróun

Skilvirkni

- Stafrænar lausnir og sjálfvirkni-væddir ferlar eru nýttir við meðferð gagna og vinnslu mála
- Upplýsingar eru grundvöllur ákvarðanatöku

- Móta og fylgja eftir stafrænni stefnu
- Auka frágang mála með rafrænum hætti
- Nýta betur Stafrænt Ísland
- Vinna að áframhaldandi þróun réttarvörslugáttar
- Auka nýtingu BI og sambærilegrar tækni

Tækni og búnaður

- Starfsfólk hefur á að skipa búnaði við hæfi til að sinna fjölbreyttum störfum
- Tæknivæðing auðveldar starfsfólki að ljúka sem flestum málum á vettvangi

- Forgangsráða fjárfestingum í búnaði sem skilar auknu öryggi og framleiðni
- Gera kleift að vinna í kerfum lögreglunnar á vettvangi



Í takt við samfélagið

Staðan

Samfélagið hefur tekið umtalsverðum breytingum s.s. með fjölgun íbúa, fjölmenningu og mikilli aukningu ferðamanna. Þetta hefur kallað á aukna þjónustu og breyttar áherslur lögreglunnar.

Meðal nýrra áskorana má nefna aukinn vopnaburð, umsvif skipulagðrar brotastarfsemi, alvarleg ofbeldisbrot, verkefni tengd landamærum og netglæpi.

Ímynd lögreglunnar er jákvæð og mikið traust mælist til hennar meðal almennings.

Stefnan

Við hlustum á samfélagið, skynjum þarfir þess á hverjum tíma og bregðumst við.

Lögreglan nýtur trausts og varðveitir það með auðmýkt og virðingu.



Í takt við samfélagið

Stefnan

Við hlustum á samfélagið, skynjum þarfir þess á hverjum tíma og bregðumst við. Lögreglan nýtur trausts og varðveitir það með auðmýkt og virðingu.

Árangursrík

Til staðar

Gagnamiðuð starfsemi

Stuðlum að sjálfbæru samfélagi

markmið

- Öll störf eru unnin af fagmennsku og þekkingu
- Brugðist er við af snerpu
- Unnið er eftir áfallamiðaðri nálgun

- Sýnileiki í samfélaginu
- Aukið frumkvæði í störfum
- Öflugar afbrotavarnir

- Ákvarðanir og aðgerðir byggjast á gögnum
- Byggt er á aðferðafræði upplýsingamiðaðrar löggæslu

- Sjálfbær nálgun er í allri starfsemi

aðgerðir

- Tryggja rétta samsetningu starfsfólks
- Nýta nýjar aðferðir og tækni
- Forgangsráða verkefnum

- Auka sýnileika á mismunandi vettvangi
- Sýna frumkvæði í rannsóknum og forvörnum s.s. samfélagslöggæslu
- Styrkja stafræna þjónustugátt

- Auka notkun greininga og áhættumats
- Styðjast við skaðsemismat (e. Harm index)
- Búa yfir þekkingu, vél- og hugbúnaði til skilvirkrar vinnslu

- Hafa sjálfbærni að leiðarljósi í störfum og við val á tækjum og búnaði



Samstarf og samvinna

Staðan

Samfélagið hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár, m.a. vegna aukinnar alþjóðavæðingar og tækniþróunar. Hefur það sett mark sitt á verkefni lögreglu og þá þjónustu sem embættið veitir.

LRH á í góðu og vaxandi þverfaglegu samstarfi við ýmsa hagaðila, héraendis sem og erlendis.

Stefnan

Við stuðlum að öfluggu samstarfi við stofnanir og hagaðila með hagsmuni samfélagsins að leiðarljósi.



Samstarf og samvinna

Við stuðlum að öfluggu samstarfi við stofnanir og hagaðila með hagsmuni samfélagsins að leiðarljósi.

markmið

Þverfaglegt samstarf

- LRH hefur frumkvæði um samstarf við hagaðila til að auka gæði, snerpu og samfellu í þjónustu við samfélagið

Málefni barna og ungmenna

- Lögð er áhersla snemmtæka íhlutun
- Markmið Farsældarlaga eru innleidd í starfsemi LRH

Upplýsingamiðlun

- LRH viðhefur virkt samtal við samfélagið
- Skilvirkt upplýsingaflæði er á milli LRH, samstarfsstofnana og annarra hagaðila

Erlent samstarf

- Sterk tengsl eru við erlend lögreglulið og stofnanir á sviði löggæslu og ákærvalds

aðgerðir

- Formgera samstarf við hagaðila
- Nýta samstarfsverkefni eftir þörfum

- Móta þverfaglegt teymi innan LRH um málefni barna
- Vinna markvisst með ólíkum hagaðilum

- Greina og nýta mismunandi möguleika samfélagsmiðla og annarra miðla
- Eiga í reglulegum samskiptum við fjölmiðla
- Tryggja að viðeigandi upplýsingar fari frá LRH til hagaðila

- Auka þátttöku í erlendum samstarfsverkefnum
- Vinna með erlendum stofnunum s.s. Eurojust, Europol, Frontex og Interpol
- Nýta í auknum mæli alþjóðlega gagnagrunna og tryggja upplýsingaflæði milli landa



Endurskoðun stefnunnar

Stefnumótun þessi nær til ársins 2028. Margt mun taka breytingum í samfélaginu fram til þess tíma og embættið mun vafalaust ná góðum árangri í mörgum þeirra málaflokka sem tilteknir eru í stefnunni.

Því er mikilvægt að endurskoða stefnuna reglulega með hliðsjón af þeim árangri sem hefur náðst ásamt breytingum í starfsumhverfinu. Gert er ráð fyrir endurskoðun og uppfærslu stefnunnar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

